

**Ed.**

**918. Breytingartillögur**

[238. mál]

við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:  
Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
2. Við 6. gr. 4. mgr. orðist svo:  
Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.